

30. janúar 2025
FAS24030001

Borgarstjórinn í Reykjavík
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Erindi: Tillaga matsnefndar¹ vegna viðbótar við stofnframlag til Byggingarfélags námsmanna ses. kt. 700707-0750 vegna byggingaáforma við Arnarbakka 2-4.

Þann 18. mars 2024 barst Reykjavíkurborg umsókn Byggingafélags námsmanna um stofnframlag með vísan til laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir, reglugerðar 183/2020 með síðari breytingum og reglna Reykjavíkurborgar um stofnframlög dags. 29. september 2016 (rrs) vegna:

70 leiguíbúða; nýbygginga Arnarbakka 2-4, áætlað stofnvirði 3.481.669.445 kr. og 12% stofnframlag 417.800.333 kr.

Umsókn um stofnframlag var samþykkt í borgarráði 2. maí 2024.

Umsóknin tók breytingum í meðförum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og breyttist stofnvirðið til hækkunar í 3.700.841.128 kr og þar með yrði 12% stofnframlag Reykjavíkurborgar 444.100.935 kr. um er að ræða hækkun um 26.300.602 kr.

Matsnefnd mælir með að borgarráð samþykki viðbótarstofnframlag að upphæð 26.300.602 kr. og verður stofnframlag Reykjavíkurborgar 444.100.935 kr. Stofnframlag verður veitt í formi byggingaréttar, sbr. heimild 1. mgr. 14. gr. laga um almennar íbúðir.

Halldóra Káradóttir

Óli Jón Hertervig

Oddrún Helga Oddsdóttir

¹ Þann 12. október 2023 skipaði borgarstjórinn í Reykjavík matsnefnd vegna veitingu stofnframlaga í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um veitingu stofnframlaga sem samþykktar voru í borgarráði dags 29. september 2016. Hlutverk matsnefndar er að fara yfir umsóknir um stofnframlög Reykjavíkurborgar og gera tillögu til borgarstjóra um afgreiðslu þeirra á grundvelli laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir, reglugerðar nr. 183/2020 og reglna Reykjavíkurborgar um stofnframlög.